

Alþingi  
Utanríkismálanefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2023

**Efni: 953. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit**

Þann 31. maí sl. barst Samgöngustofu til umsagnar frumvarp til laga um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit.

Með frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á 112. gr. loftferðalaga nr. 80/2022 þannig að för loftfara með hergögn og hervopn um íslenska lofthelgi verði óheimil nema með heimild ráðherra sem fer með loftferðalög (í dag innviðaráðherra), eða þess sem hann felur heimildarveitinguna.

Í gildandi ákvæði loftferðalaga segir að för loftfara með hergögn og hervopn um íslenskt yfirráðasvæði sé óheimil nema með heimild ráðherra varnarmála eða þess sem hann felur heimildarveitinguna og er í gildi reglugerð nr. 464/2019 um flutning hergagna með loftförum. Í 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að *”Flutningur hergagna með loftförum sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar er óheimill nema með leyfi útgefnu af utanríkisráðuneytinu.”* Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar er umsókn um leyfi ásamt fylgiskjölum send Samgöngustofu sem sendir gögnin til utanríkisráðuneytis til ákvörðunar, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.


Líkt og fram kemur í 7. kafla greinargerðar frumvarpsins hafði framkvæmd við heimildarveitingu til loftfara með hergögn verið á hendi Samgöngustofu, sbr. reglugerð nr. 937/2005 um flutning hergagna með loftförum. Sú reglugerð var sett á grundvelli 78. gr. eldri loftferðalaga nr. 60/1998 þar sem kveðið var á um að hergögn mætti eigi flytja í loftförum án leyfis ráðherra eða þess sem hann fæli leyfisveitinguna. Með forsetaúrskurði um breytingu á skiptingu verkefna á milli ráðuneyta nr. 20/2018 var utanríkisráðuneytinu falið að annast um málaflokkinn varðandi flutning hergagna með loftförum samkvæmt 78. gr. Vísast til greinargerðarinnar um ástæður breytingarinnar.

Að mati Samgöngustofu hefur ferlið við heimildarveitinguna og samskipti við utanríkisráðuneytið gengið vel og sér stofnunin ekki augljóst hagræði af breytingunni. Verði verkefnið fært aftur til innviðaráðherra sem getur svo falið Samgöngustofu leyfisveitinguna, þarf að tryggja að þær áskoranir sem stefnt var að því að leysa með breytingunni 2018 verði ekki til staðar og að skýrt sé til hvaða atriða Samgöngustofu beri að líta við mat kæmi til þess að stofnuninni yrði falið verkefnið. Þá bendir Samgöngustofa á að komi til þess að stofnuninni verði falin heimildarveitingin þarf að tryggja fjármögnun verkefnisins hjá Samgöngustofu.

Fyrir utan framangreint þyrfti að mati Samgöngustofu að samræma orðalag frumvarpsins við texta greinargerðarinnar að því er varðar hvort gert er ráð fyrir að sótt skuli um leyfi fyrir för loftfara með hergögn og hervopn þegar einungis er um yfirflug að ræða. Samkvæmt orðanna hljóðan telst yfirflug án viðkomu hér á landi einnig til farar um íslenska lofthelgi. Hins vegar kemur fram í 7. kafla greinargerðar

frumvarpsins að breytingin leiði til þess að „*ekki þyrfti að sækja um leyfi vegna flutnings hergagna á milli þriðju ríkja þegar einungis er um að ræða yfirflug um íslenska lofthelgi*“.

Virðingarfyllst



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir  
Deildarstjóri lögfræði og réttinda farþega



Páll Pálsson  
Framkvæmdastjóri flugsviðs